

# Sumartónleikar LSÓ 2008



Þriðjudaginn 8. júlí kl. 20:30

**Ungverskir dansar og rómantík. Freyja Gunnlaugsdóttir** klarinett og **Siiri Schutz** píanó. *Ballaða* op. 8 og tveir *Ungverskir dansar* eftir Leo Weiner, *Sónata* op. 120 nr. 2 í E-dúr eftir Johannes Brahms og *Fjórir ungværskir dansar* eftir Rezsö Kokai.

Þriðjudaginn 15. júlí kl. 20:30

**Sebastiano Brusco** píanóleikari. *Sónata* í a-moll D 537 op. 164 og *Fjögur Impromptu* op. 90 eftir Franz Schubert. *Fantasie-Impromptu* op. 66 og *Ballaða* í g-moll op. 23 eftir Frédéric Chopin.



Þriðjudaginn 22. júlí kl. 20:30

**Steinunn Soffía Skjenstad** sópran og **Sofia Wilkman** píanó. Sönglög eftir Franz Schubert við ljóð Göthes, lög úr ljóðaflokknum *Des Knaben Wunderhorn* eftir Gustav Mahler, *Fünf Lieder* eftir Anton Webern úr ljóðabálknum *Der Siebente Ring* eftir Stefan George og ýmis sönglög eftir Richard Strauss.

Þriðjudaginn 29. júlí kl. 20:30

**Anna Áslaug Ragnarsdóttir** píanóleikari. *Italienisches Konzert* BWV 971 eftir Johann Sebastian Bach, *Le Traquet rieur* úr *Catalogue d'oiseaux* eftir Olivier Messiaen, *Grande Sonate Pathétique* op. 13 eftir Ludwig van Beethoven og *Ballade* op. 23 eftir Frédéric Chopin.



Þriðjudaginn 5. ágúst kl. 20:30

**Þórunn Elín Pétursdóttir** sópran og **Anna Rún Atladóttir** píanó flytja lög um börn og fyrir börn. Á efniðskranni eru *Barnlige sange* op. 61 eftir Edward Grieg, *I hate music!* eftir Leonard Bernstein, sönglög Jóhanns G. Jóhannssonar við barnaljóð Þórarins Eldjárns auk þekktara laga Atla Heimis Sveinssonar.

Þriðjudaginn 12. ágúst kl. 20:30

**Guðrún Ingimarsdóttir** sópran og **Jónína Erna Arnardóttir** píanó flytja íslenska leikhústónlist, sönglög og aríur, m.a. eftir Atla Heimi Sveinsson, Jón Ásgeirsson, Indriða Einarsson og Sigurð Þórðarson.



Þriðjudaginn 19. ágúst kl. 20:30

**Guðný Guðmundsdóttir** fiðla og **Gunnar Kvaran** selló. Flutt verða *Svíta* nr. 2 í d-moll fyrir einleiksselló eftir Johann Sebastian Bach, *Eintal* fyrir einleiksfiðlu, sem Karólína Eiríksdóttir samdi og tileinkaði Guðnýju 2008, *Ciaconne* úr *Partítu* í d-moll fyrir einleiksfiðlu eftir J.S. Bach og *Sónatína* í E-dúr fyrir fiðlu og selló eftir Arthur Honegger.

Þriðjudaginn 26. ágúst kl. 20:30

**Íslenski saxófónkvartettinn. Vigdís Klara Aradóttir** sópransaxófónn, **Sigurður Flosason** altsaxófónn, **Peter Tompkins** tenórsaxófónn og **Guido Bäumer** barítónsaxófónn. *Fantasía* eftir Orlande Gibbons, *Historie du Tango* eftir Astor Piazzolla, *Ricercare dopo il credo* eftir Girolamo Frescobaldi, *Songs for Tony* eftir Michael Nyman og *Andante et Scherzo* eftir Eugene Bozza.



Þriðjudaginn 2. september kl. 20:30

**Gerður Bolladóttir** sópran, **Pamela De Sensi** flauta og **Sophie Marie Schoonjans** harpa. *Almanaksljóð* eftir Önnu S. Þorvaldsdóttur við ljóð Bolla Gústafssonar. Stiklað er á helstu messudögum ársins að fornu með stuttum ljóðrænum lýsingum af náttúru, veðri og bústörfum - oft með trúarlegri tilvísun.